

Fundur í skólaráði Áslandsskóla

29. nóvember 2013

Fundarstaður: Áslandsskóli

Fundarstjóri: Leifur S. Garðarsson

Fundarritari: Unnur Elfa Guðmundsdóttir

Mættir: Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ásdís Reynisdóttir og Jónína Dögg Loftsdóttir fulltrúar kennarar, Katrín Brandsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Kristín Dögg Höskuldsdóttir, Þórey Hallbergsdóttir fulltrúar foreldra, Hekla Sóley Arnarsdóttir fulltrúi nemenda, Jónína Ósk Ingólfsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Staðfesting skólaráðs. Skriflegt form sem skila á til skólaskrifstofu og fræðsluráðs.
2. Skólaþing. Vel heppnað og komið til að vera. Skólastjórnendur sögðu frá skipulagi þingsins í ár og rætt um að bjóða kannski foreldrum að taka þátt á næsta ári. Teknar saman helstu niðurstöður, hittst á sal og kynntar fyrir samnemendum.
3. Matarmál. Von er á úttekt á mótuneytum í öllum skólum í Hafnarfirði. Hugmyndir um að setja á stofn matarráð næsta skólaár með kokkinum, stjórnendum og nemendum þar sem nemendur fá að koma með sína hugmyndir um hvað á að vera í matinn í skólanum.
4. Samræmd próf – niðurstöður kynnar og það ferli / aðgerðaráætlun sem fer í gang í skólum við niðurstöður. Allar niðurstöður ber að taka alvarlega og gera úrbætur þar sem það þarf. Deildarstjórar stýra eftirfylgni og gera úrbætur þar sem það þarf. Nemendur fá samræmt próf heim í námsmatsmöppunni þegar það berst skólanum.
5. Skólapúlsinn – Könnun um líðan. Nemendur í 6. – 10. bekk fara í skólapúlsinn og nemendur í 1.-5. bekk fara í könnun um líðan. Skólapúlsinn virkar þannig að það er ein könnun í hverjum mánuði og handahófskennt úrtak úr öllum árgöngum frá 6.-10. bekk. Eftir áramót er svo foreldrakönnun og starfsmannakönnun. Þetta er stöðluð könnun en hægt er að setja inn okkar eigin spurningar ef við viljum kanna eitthvað sérstakt á ákveðnum tíma. Niðurstöður verða kynntar fyrir skólaráði.
6. Jólalald. Skipulag komið á hreint og gefinn verður út Jóla-Flórigoði með öllum upplýsingum.
7. Húsnaðismál. Viðræður í gangi .
8. Félagsmiðstöðin- Heilsdagsskólinn. Almennt er umgengni mjög ábótavant. Opið 3x í viku og jóladagskrá er komin. Opið yfir daginn milli jóla og nýárs. Stuttmyndakeppni og allar myndir sýndar í Bæjarbíói þann 11. desember. Framundan er Hrollur og Grunnskólahátíð. Opið er fyrir 5 og 6 bekk annan hvern mánudag og fyrir 7 bekk mánudaginn á móti. Sameiginlegt ball í Áslandsskóla fyrir Hvaleyarskóla og Hraunvallaskóla ásamt Áslandsskóla. Ósk frá nemendum að fá betri lýsingu á sparkvöllinn. LSG óskar eftir því við bæinn.

Önnur mál:

Nokkur atriði og fyrirspurnir sem komu á borð foreldrafulltrúa í skólaráði:

Skólaþing – var kvartað yfir því að það væri skertur dagur og ekki látið vita

Skipulagsdagur – kvartað yfir að það sé ekki látið vita í pósti til allra um þann dag.

SMT LOTTÓ – óskað eftir að fá heim texta sem er um SMT LOTTÓ

Ratleiksdagur – óskað eftir að það sé minnt á hann.

Svar frá skólastjórnendum:

Allar þessar ábendingar eiga ekki við rök að styðjast. Allir sveigjanlegir dagar eru sérstaklega merktir á skóladagatali sem er samþykkt í febrúar skólaárið á undan og einnig er alltaf sendur póstur frá skólanum með um það bil viku fyrirvara til að minna á sveigjanlega skóladaga.

Foreldrarölt: Kynna það fyrir foreldrum.

Mentor: Fyrirspurn um hvort ekki væri skylda að skrá í mentor í unglíngadeild. Svar: það er skylda og það gera það allir kennara í unglíngadeild, á þessu er eftirlit frá stjórnendum.

Bekkjartenglar: Umræða hvort þeir séu á ábyrgð skólans eða foreldrafélagsins. Svar: það er ábyrgð skólans að hafa foreldraráð en bekkjartenglar eru á ábyrgð foreldrafélagsins.

Rætt um að hafa stafrófsröð í bekknum varðandi bekkjartengla þar sem erfitt hefur verið að fá bekkjartengla og enn vantar í 5 árganga.

Ekki var fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30